

Skólanefnd

7. október 2025 kl. 8:00

Viðstaddir: Erla Ragnarsdóttir, Júlía Jörgensen, Einir Tyrfingsson, Ingvar Viktorsson, Daníel Scheving Hallgrímsson, Snædís Ögn Flosadóttir, Sigurrós Ásgerður Gunnarsdóttir fulltrúi kennara og Kristófer Kári Ólafsson fulltrúi nemenda.

Fundargerð ritar Árni Stefán Guðjónsson

1. Stefna og helstu áherslur í skólastarfinu

- a. Farið er yfir stefnu skólans og helstu áherslur skólastarfsins á önninni. Spannandi tímar í tæknimálum þar sem skólinn hefur tekið í notkun sex gagnvirka kennsluskjái og Inspira, rafrænt prófaumhverfi.

2. Starfsmannahald

- a. Erla fer yfir helstu breytingar á starfsmannahaldi frá því á síðasta skólaári.

3. Skólaþróunarverkefni

- a. Erla fer yfir þau skólaþróunarverkefni sem eru í gangi. Nýr áfangi í FabLab, uppfærsla á félagsfræðiáfanga og svo sitja tveir kennarar núvitundarnámskeið.

4. Húsnæði

- a. Erla segir frá húsnæðismálum. Þar ber helst að nefna teikningar að uppfærslu bókasafnsins, nýtt útikennslusvæði var vígt nýlega og svo almennt viðhald húsnæðisins, þar sem lekamál í H-húsi eru í algjörum forgangi.

5. Mikilvægar dagsetningar

- a. Erla fer yfir lykildagsetningar í skólastarfinu á önninni

6. Aðsókn og ímynd skólans

- a. Erla fer yfir helstu tölur varðandi innritun haustið 2025. 231 nýnemi innritaður, 13 nemendur sitja ÍSAN-námsbraut. Rétt tæplega 70% nýnemahópsins kemur úr Hafnarfirði.

7. Síðasta skólaár

- a. Erla segir í stuttu máli frá síðasta skólaári, t.a.m. námsárangri nemenda, mætingu og samanburði við síðustu skólaár.

8. Helstu nemendatölur á þessu skólaári

- a. Árni Stefán segir frá helstu tölum er varðar nemendahópinn, fjölda nemenda á brautum o.fl.

9. Agamál

- a. Erla fer yfir verkferla skólans í agamálum.

10. Próf og verkefnaskil

- a. Erum að prófa nýtt fyrirkomulag á forfallaprófum yfir önnina í samráði við kennara. Eins er áhugi hjá einhverjum kjarnagreinum að prófa endurtektarpróf í janúar fyrir þá nýnema sem falla á lokaprófi. Áfram áhersla á rafræn verkefnaskil.

11. Fræðslu- og starfsþróunaráætlun 2025-2026

- a. Erla segir frá þeim þáttum skólastarfsins sem falla undir fræðslu til nemenda og starfsþróun starfsmanna.

12. Fjármál skólans

- a. Einir Tyrfingsson fjármálastjóri segir frá helstu tölum er varða fjármál skólans.

13. Jafnlaunavottun

- a. Skólinn hefur fengið jafnlaunavottun 2025 og niðurstaðan er sú að skólinn viðheldur markmiðum sínum.

14. Félagslíf nemenda

- a. Kristófer Kári, oddviti NFF og fulltrúi nemenda í skólanefnd, segir frá helstu viðburðum í félagslífi nemenda á skólaárinu og kynnir stjórn NFF fyrir fundarmönnum.

15. Helstu viðburðir

- a. Erla fer yfir helstu viðburði á önninni, þ.á.m. afmæli skólans og heimsókn forseta Íslands.

16. Önnur mál

- a. Ingvar hvetur skólanefndina til að skoða útikennslusvæði skólans eftir fund og segir það afar vel heppnað.

Fundi slitið kl. 08.55